

**Sp.**

**127. Fyrirspurn**

[104. mál]

til viðskiptaráðherra um starfsemi IBM hér á landi vegna sívaxandi hlutverks tölvuvinnslu í opinberri stjórnsýslu og rekstri fyrirtækja.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

1. Á hvaða grundvelli starfar fyrirtækið „IBM á Íslandi“, útibú og eign fjölþjóðahringingsins International Business Machines? Hefur viðskiptaráðuneytið veitt IBM undanþágu frá gildandi lögum um bann við atvinnurekstri erlendra aðila?
2. Íslenska krónan er eini löglegi gjaldmiðillinn í íslenskum innanlandsviðskiptum, en „IBM á Íslandi“ líðst að gera samninga um leigu á tölvum og öðrum gagnavinnsluvélum, sem miðast við erlendan gjaldeyri. Hver er skýringin á því?
3. Hvernig er háttað viðskiptatengslum „IBM á Íslandi“ við móðurfyrirtækið og aðrar deildir erlendis: a) Flutningi fjármagns frá útlöndum vegna fjárfestingar og annars stofnkostnaðar hérlandis? b) Yfirfærslu fjár til útlanda vegna leigutekna IBM á Íslandi og vegna annarra rekstrartekna á Íslandi?
4. Hefur verið athugað, hvort íslendingar hafa greitt meira eða minna fyrir leigu á IBM-búnaði heldur en verið hefði ef slíkur búnaður hefði verið keyptur, eins og venja er til með aðrar vélar og tæki frá útlöndum?
5. Hvaða íslenskir aðilar — fyrirtæki og stofnanir — hafa tölvur og annan gagnavinnsluútbúnað á leigu frá „IBM á Íslandi“ gegn greiðslum sem miðast við erlendan gjaldeyri? Er viðskiptaráðuneytinu kunnugt um hlutdeild IBM, að verðmæti til, á öllum íslenska tölvumarkaðnum og hjá opinberum stofnunum sérstaklega?